# Fundargerðabók Félags gjafa- og listmunaverslana 18. febrúar 1980 til 7. mars 1991

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag gjafa- og listmunaverslana – Stjórnarfundir – Aðalfundir – Stofnfundur

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-15

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag gjafa- og
listmunaverslana
Fundargerðir frá
stofnfundi 18.2.
1980 til 1991

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EKAHA-GESCHÄFTSBUCH

4150

ESSELTE EKAHA Hannover

4150 = A 4 liniert 96 Blatt

NACHBESTELL- UND KONTROLLABSCHNITT

FIRMA

Für Nachbestellung und bei Reklamation diesen Abschnitt abtrennen und Ihrem Händler einsenden

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1980, mánudag 18. febrúar, var stofnfundur Félags gjafa- og listmunaverzlana haldinn að Marargötu 2. Undirbúningsfundur hafði verið haldinn þar að Marargötu 2, þann 31. janúar s.l.

Níu kaupmenn og verzlunarstjórar voru mættir en einn boðaði veikindaforföll og þrír voru erlendis. Allir þessir fjórir ætla að taka þátt í félagsstofnuninni

Formaður Kaupmannasamtakanna, Gunnar Snorrason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Í undirbúningsnefnd þessa fundar áttu sæti Arndís Björnsdóttir, Skúli Jóhannesson og Árni Jónsson.

Árni Jónsson tók til máls og sagði frá undirbúningsvinnu nefndarinnar og ræddi um félagsstofnunina.

Formaður þakkaði nefndinni gott starf og bað þá sem samþykkir væru félagsstofnuninni að gefa merki með því að rétta upp hendi. Félagsstofnunin var samþykkt samhljóða,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú tók til máls framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna, Magnús E. Finnsson. Hann las og skýrði drög að lögum fyrir félagið. Formaður K.Í., Gunnar Snorrason las og bar upp lögin. Fyrst hverja lagagrein fyrir sig og svo lögin í heild, og voru þau samþykkt eins og þau voru færð í fundargerðabókina.
Kosningar: Formannskjör.
1. Árni Jónsson var einróma kjörinn formaður félagsins
2. Meðstjórnendur voru kjörin þau Andís Björnsdóttir og Björn Ágústsson.
3. Varamenn í stjórn. Kjörnir voru Skúli Jóhannesson og Benedikt Bachmann.
4. Endurskoðendur. Kjörnar voru: Guðrún Steingrímsdóttir Theodóra Björnsdóttir.
5. Fulltrúi í fulltrúaráð K.Í. Kjörnir voru Skúli Jóhannesson og Ásgeir M. Jónsson til vara.
Önnur mál.
Nýkjörinn formaður, Árni Jónsson, tók til máls. Hann þakkaði það traust sem honum var sýnt með



formannskjörinu, en ræddi svo um tollamál, verðlagsmál, lokunartímamálið og sérstaklega um lokunartímareglugerðina.
Árni bar fram eftirfarandi tillögu: „Stofnfundur Félags gjafa- og listmunaverzlana telur sölu blómaverzlana á gjafavöru utan venjulegs afgreiðslutíma brot á reglugerð frá 26. 7. 1971 og felur stjórn félagsins að vinna gegn þessum lögbrotum.“
Nokkrar umræður urðu um tillöguna. Formaður K.Í. tók til máls og ræddi sérstaklega um lokunartíma verzlana.
Tillagan var samþykkt samhljóða.
Formaður K.Í., Gunnar Snorrason óskaði félaginu allra heilla. Árni Jónsson þakkaði skrifstofu K.Í. fyrir góða aðstoð við félagsstofnunina.
Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Gunnar Snorrason. Jón Í. Bjarnason fundarritari
Magnús E. Finnsson
Andís Björnsdóttir, Rosenthal verzl.
Árni Jónsson Kúnst
Björn [illegible] Ágústsson Magnús L. Baldvinsson 3/12
Guðrún Steingrímsdóttir "Kosta Boda"

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| Ingibjörg Þórðardóttir | verzl. Heimaey |
| Theodóra Bjarnadóttir | Verzl. Heimaey |
| Benedikt Bachmann | verzl. Corus |
| Ásgeir M. Jónsson | Verzl. Kirkjufell |
| Brynhildur Olgeirsd. | Blóm og Myndir. |
| Ingunn Friðriksdóttir | Kúnígúnd |
| Haraldur Jónsson | Loftið |
| Skúli C. Jóhannesson | Tékk-Kristall |
| Atel Einarsson | Guðmundur Þorsteinsson s/f. (Bankastr. 12 - S: 14007) |



## Undirbúningsfundur að stofnun Félags gjafavöruverzlana.

Ár 1980, fimmtudag 31. janúar, var fundur haldinn að Marargötu 2, með gjafavörukaupmönnum. Mættir voru 13 kaupmenn og verzlunarstjórar.

Formaður Kaupmannasamtaka Íslands, Gunnar Snorrason, setti fundinn og stýrði honum. Auk hans sátu fundinn frá Kaupmannasamtökum Íslands, Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóri K.Í., Guðni Þorgeirsson fulltrúi og Jón I. Bjarnason ritari.

Fyrir var tekið:

1. Formaður rakti aðdraganda að stofnun Kaupmannasamtaka Íslands, uppbyggingu þeirra og skipulag. Að máli formanns loknu tók Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóri, til máls og skýrði frá aðdraganda að boðun þessa fundar. Sagði hann að Árni Jónsson kaupmaður í verzluninni Kúnst, hefði komið að máli við sig og rætt um að æskilegt væri að gjafavörukaupmenn mynduðu sérgreinarfélag innan vébanda Kaupmannasamtaka Íslands. Síðan rakti hann starfsemi og uppbyggingu sérgreinafélaganna.
2. Arndís Björnsdóttir gerði fyrirspurn um hvort K.Í. inni að lækkun tolla. Framkvæmdastjóri svaraði og sagði að svo væri.
3. Formaður tók til máls og ræddi frekar um starfsemi K.Í. og sagði m.a. að Kaupmannasamtök Íslands væru einu samtökin í landinu sem væru beinlínis stofnuð til þess að vinna að hagsmunum smásala og smásöluverzlunarinnar. Því ættu allir smásalar að fylkja sér um þau.
4. Framkvæmdastjóri ræddi um stofnlánasjóð Kaupmannasamtaka Íslands og skýrði frá starfsemi þeirra. Þá ræddi hann um Bókhaldshandbókina og hvernig væri hægt að notfæra sér hana. Margar fyrirspurnir komu fram frá fundarmönnum og svöruðu formaður og framkvæmdastjóri þeim. Miklar umræður urðu um lokunartíma verzlana.
5. Samþykkt var að kjósa þrjá menn í undirbúningsnefnd að félagsstofnun og voru kjörin þau Árni Jónsson, Skúli Jóhannesson og Arndís Björnsdóttir.
6. Formaður Kaupmannasamtaka Íslands þakkaði góða fundarsókn og góða fundarsetu og sagði að nefndinni væri velkomið að starfa hér að Marargötu 2. Hann sagðist vona að félagið yrði stofnað sem fyrst og þar sem ekki lægi fleyra fyrir fundinum sagði hann honum að svo búnu slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Lög Félags gjafa og listmunaverzlana.

1. grein.

Félagið heitir Félag gjafa og listmunaverzlana.

2. grein.

Félagssvæði þess er landið allt, heimilisfang þess og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samstarf meðal gjafa og listmunaverzlana, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verzlun sé rekin á heilbrigðum gundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og K.Í. svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og K.Í. og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur gjafa og listmunaverzlun. Skal hann senda félagsstjórninni skriflega umsókn. Ef meirihluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður. Hver félagsmaður er skuldbundinn af lögum, samþykktum og samningum félagsins. Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins getur meirihluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal þá ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund og þarf 2/3 greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur.

5. grein.

Stjórn félagsins er skipuð þremur mönnum og tveim til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega, til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára. Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnanda úr stjórn, eftir hlutkesti, en síðan á víxl árlega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Tveir varamenn skulu kosnir til eins árs í senn. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

6. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K.Í. Gjöldin renna óskipt til K.Í. sem annast allan rekstur félagsins. Gjalddagi félagsgjalda er 1. febrúar ár hvert.

7. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta félagsfund kjósa, menn í nefndir til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins.

8. grein.

Aðalfundur skal haldinn fyrir febrúarlok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu eða bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.
Eftirfarandi mál skulu ávallt a.m.k. vera dagskráratriði aðalfundar:

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár.
2. Stjórnarkosning skv. 6. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosinn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

9. grein.

Stjórnin skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt, sem verða má.

10. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn a.m.k. þrem vikum fyrir aðalfund. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

11. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi og skal geta þess í fundarboði, og þurfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið skulu eignir þess, að frádregnum skuldum renna til Kaupmannasamtaka Íslands.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

STJÓRNARFUNDUR. 17. MARZ 1980

FUNDUR HALDINN AÐ MARARGÖTU 2. KL. 4 SÍÐDEGIS.
FORMAÐUR ÁRNI JÓNSSON, GAT UM FULLTRÚARÁÐSFUND
SEM HANN OG ÁSGEIR M JÓNSSON MÆTTU Á, KOM ÞAR
FRAM AÐ ÁRSGJALD VÆRI 138.000 + 25.000 KR. Á
STARFSMANN, EINNIG GAT HANN UM FUND SEM BLÓMA-
SALAR BOÐUÐU OKKUR Á, MÆTTI HANN ÞAR ÁSAMT
SKÚLA G JÓHANNESSYNI. ÞAR KOM FRAM AÐ BLÓMASALAR
KVÁÐUST HAFA HEIMILD SKV. VENJU AÐ HAFA OPIÐ LENGUR
OG SELJA GJAFAVÖRUR.
ÁRNI KVAÐ ÞÁ BRJÓTA Í BÁGA VIÐ GILDANDI LÖG.
RÆTT VAR UM KOMANDI AÐALFUND, SEM VERÐUR
Þ. 20 MARZ, ÁKVEÐIÐ VAR AÐ LEGGJA ÞAR FRAM AÐ,
AÐALFUNDUR FÆLI STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRA K.Í.
AÐ KNÝJA Á UM ÞAÐ VIÐ LÖGREGLUSTJÓRANN Í RVÍK.
AÐ GILDANDI REGLUM VERÐI FRAMFYLGT, Þ.S. UM
OPNUNARTÍMA VERZLANA (BLÓMAVERZLANA).
ÁKVEÐIÐ AÐ FYLGJA ÞESSU FAST EFTIR MEÐ
GREINAGERÐ OG FÁ AFSTÖÐU FUNDARINS, LÁTA
MÁLIÐ EKKI DEYJA Í NEFND.
EINNIG VAR RÆTT UM AÐ ÞÖRF VÆRI Á MEIRI
KYNNINGU Á VERZLUNNI TIL ALMENNINGS.
FUNDI SLITIÐ KL 6.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FUNDUR AÐ MARARGÖTU 2 25.9.1980
KL. $6^{30}$

ÁRNI JÓNSSON SETTI FUND. FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR LESINN, SEM VAR STJÓRNARFUNDUR.
ÞVÍNÆST RÆDDI ÁRNI UM ÁRANGUR UM BARÁTTUMÁL NO1. OPNUNARTÍMA BLÓMAVERZLANA, SEM HANN KVAÐ KOMIÐ Á GOTT SKRIÐ, ENDA FAST FYLGT EFTIR Á ÖLLUM VÍGSTÖÐVUM. ÁTTI M.ANNARA ÞÁTT Í ÞVÍ AÐ NEFND Á VEGUM BORGARINNAR VAKNAÐI UPP FRÁ DAUÐA, SEM MEÐ BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON Í BRODDI FYLKINGAR LAGÐI FRAM TILLÖGU UM NÝJAN OPNUNARTÍMA, Þ.S. 15 TÍMA AUKA OPNUN Á VIKU, TIL 19 ~~00~~ MÁNUD. ÞRIÐJUD. MIÐVIKUD. 22. FIMMTUD. OG FÖSTUD. OG ~~4~~6 Á LAUGARDÖGUM, MEGA MENN VELJA 8 TÍMA INNAN ÞESSA RAMMA.
SKÚLI KVAÐ ÁKVÖRÐUN UM OPNUNARTÍMA ÆTTI AÐ TAKA INNAN K.Í EINGÖNGU.
SÍÐAN HÓFUST ALMENNAR UMRÆÐUR ER ENDUÐU MEÐ SAMÞYKKI FUNDARMANNA UM TILLÖGU FORMANNS SVO HLJÓÐANDI

Fundur Haldinn í Félagi Gjafa- og listmunaverzlana 25. 9. 1980 ályktar eftirfarandi:

Fundurinn telur að það eigi að vera algert forgangsverkefni hjá K.I. að vinna að löggjöf um afgreiðslutíma verzlana.

Fundurinn fagnar því að nú stendur til að endurskoða reglugerð þá sem gilt hefur í Reykjavík og telur að vanda beri þá endurskoðun þannig, að reglugerðin geti orðið fyrirmynd að lögum sem sett verða.

Fundurinn telur nauðsynlegt að settir verði vörulistar fyrir þær verzlanir sem fá leyfi til kvöld- og helgarsölu og að viðurlög við brotum á þeim varði tafarlausri leyfissviftingu.

Fundurinn telur að ekki beri að lengja afgreiðslutíma verzlana á laugardögum. og ekki afgreiðslutímann í heild.

ÁKVEÐIÐ VAR AÐ HALDA NÆSTA FUND ANNAN FIMMTUDAG Í NÓVEMBER. FUNDI SLITIÐ KL. 8.

[signature]



MARARGATA 2 26.11.1980

FORMAÐUR SETTI FUND $6^{45}$. FUNDARGERÐ LESIN UPP OG SAMÞYKKT.
FORMAÐUR SKÝRÐI FRÁ TILLÖGUNNI UM REGLUGERÐ Á OPNUNARTÍMA VERZLANNA ER SÍÐASTI FUNDUR SAMÞYKKTI, OG FRAMGANGI HENNAR, SEM ER BIÐSTAÐA AÐ SINNI.
ÞVÍ NÆST VAR RÆTT UM MÖGULEIKA Á AÐ HAFA OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DESEMBER, SEM MÓTLEIK GAGNVART BLÓMAVERZLUNUM, KOMU ÞAR FRAM SKOÐANIR UM SKOSTI OG ÓKOSTI ÞESS, ER LUKU MEÐ ÞEIRRI ÁKVÖRÐUN AÐ HAFA OPIÐ SUNNUDAGINN ÞANN 21. FRÁ 1-6.
ARNDÍS TAKI AÐ SÉR AÐ SEMJA FRÉTTATILKYNNINGU ER BYRTUST Í FJÖLMIÐLUM, OG BENEDIKT AÐ SJÁ UM AUGLÝSINGAR SEM KÆMI Í MORGUNBLAÐINU OG ÚTVARPI.
Á FUNDINN KOMU 12 MANNS OG FUNDI SLITIÐ KL. $20^{00}$

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AÐAL.
FUNDUR HALDINN AÐ MARARGÖTU 2 9.3.1981

FORMAÐUR Árni Jónsson SETTI FUND KL 19⁰⁰. Í UPPHAFI BAUÐ HANN VELKOMNA Í FÉLAGIÐ INGUNNI STEFÁNSDÓTTIR.
ÞVÍ NÆST RÆDDI HANN UM STARF FÉLAGSINS Á LIÐNU ÁRI Í STÓRUM DRÁTTUM. STARF ÁRSINS HEFUR EINGÖNGU VERIÐ UM OPNUNARTÍMA VERZLANA, ÞÁ SÉR Í LAGI UM OPNUNARTÍMA BLÓMAVERZLANA, VIRÐIST VERA SEM ÞAÐ STARF SÉ AÐ BERA ÁRANGUR, ALLA VEGA NÝ REGLUGERÐ UM OPNUNARTÍMAN OG EINHVERJAR REGLUR UM BLÓMAVERZLANIR Á HVERN VEGINN SEM ÞÆR VERÐA, EN ÞAÐ MÁL ER Í ÞRIGGJA MANNA, ÓLAFUR JÓNSSON FRÁ BORGINNI, MAGNÚS FINNSSON FRÁ KÍ OG ÍSAVAR PÉTURSSON FRÁ V.R. VIRÐIST SEM ÁKVÖRÐUN ÞESSARAR NEFNDAR VEGI ÞUNGT Á METUNUM, GAT FORM. ÞESS AÐ HANN OG BJÖRN ÁGÚSTSSON HEFÐU FARIÐ Á FUND ÞEIRRA MEÐ HUGMYNDIR OKKAR, KYNNT ÞÆR OG REYNT AÐ FÁ HLJÓMGRUNN, RÆDDI BJÖRN UM ÞAÐ LÍTILLEGA OG TALDI UNDIRTEKTIR NEFNDARMANNA AÐI RÁÐVILTAR, EN BJARTSÝNN ÞÓ.
FORM. LAUK ÁRSSKÝRSLU, KVADDI SKÚLI SÉR HLJÓÐS OG ÞAKKAÐI FORMANNI FRÁBÆR STÖRF OG TÓKU FUNDARMENN UNDIR ÞAÐ. ÞVÍ NÆST VAR KJÖRIN STJÓRN, SEM BREYTTIST EKKERT ~~FRÁ~~ ÞVÍ SEM ÁÐUR VAR, NEMA AÐ INGUNN STEFÁNSD. TÓK SÆTI THEODÓRU SEM ENDURSKOÐANDI.
ÞVÍ NÆST RÆDDI ARNDÍS UM GREINASKRIF SÍN Í FJÖLMIÐLA. KYNNINGU Á VERZLUN TIL ALMENNINGS OG ÞEIM MISSKILNING SEM ÞAR OFT GÆTTI. FRAMKV.STJ. KÍ.
FORM. KYNNTI TILLÖGU ER HANN ÆTLAÐI AÐ BERA UPP Á AÐALFUNDI UM BREYTINGU Á FRAMKV.STJÓRN KÍ Þ.S. AÐ FRAMKV. STJ. VERÐI MEÐ AÐRA KAUPMENN EN KJÖTKAUPMENN EINGÖNGU.
KJÖRNIR VORU AÐALFUNDARFULLTRÚAR ÞAU BENEDIKT BACHMANN OG



INGUNN STEFÁNSDÓTTIR, FUNDI SLITIÐ 20³⁰ Á FIMMTUNNI VORU ELLEFU MÆTTIR.

Stjórn f. 1981 skipa:
Form: Árni Jónsson
meðstj.: Arndís Björnsd. og Björn Ágústss.
varastj.: Skúli G. Jóhannesson og Bened. Bachmann
Fulltr. í fulltrúaráð K.Í. Skúli G. Jóhannesson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/4 1981

STJÓRNARFUNDUR HALDINN AÐ LAUGAVEG 40
MÆTTUR VAR Á FUNDINN SKÚLI G. JÓHANNESSON
FULLTRÚI FÉLAGSINS Í FULLTRÚARÁÐI K.Í.
OG BAÐST HANN UNDAN SETU ÞAR.
FUNDURINN ÁKVAÐ AÐ ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR TÆKI
SÆTI HANS, ÞAR SEM ÁSGEIR M. JÓNSSON
VARAFULLTRÚI SÖKUM TÍÐRAR FJARVERU TREYSTI SÉR
EKKI TIL AÐ TAKA SÆTI SEM AÐALFULLTRÚI.
FLEIRA EKKI Á DAGSKRÁ, FUNDI SLITIÐ

[illegible]

[illegible]

Skúli G. Jóhannesson

Arndís Björnsdóttir



23/9 1981
FUNDUR HALDINN AÐ MARARGÖTU KL. 6,30. FORMAÐUR
SETTI FUND OG BAUÐ SÉRSTAKLEGA VELKOMNA
FULLTRÚA VERZLUNNARINNAR MARELLU ER MÆTTIR
VÆRU Á FUNDINN SÉR TIL KYNNINGAR.
DAGSKRÁ FUNDARINS VAR UM BRÉF SENT TIL KAUPMANNA,
FRÁ K.Í. Þ.S. SPURNINGARLISTA UM OPNUNARTÍMA
VERZLANA, VAR HANN RÆDDUR OG KOMUST FUNDARMENN
AÐ ÞVÍ AÐ LÖGGJÖF VÆRI EINA LAUSN ÞESSA MÁLS.
FORMAÐUR GAF ARNDÍSI BJÖRNSDÓTTIR ORÐIÐ, ER GAF
FUNDARMÖNNUM YFIRLIT Á STÖRF SÍN Í STJÓRN K.Í.
ÞAR KOM Í LJÓS AÐ HÚN HAFI FARIÐ Á FUNDI ÚT UM
LAND MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA OG FORMANNI K.Í., OG ORÐIÐ
VÖR VIÐ MJÖG LÍTIÐ STARF OG ÁHUGA ANNARA EN
MATVÖRUKAUPMANNA INNAN K.Í., ÞAR AF LEIÐANDI LÍTIÐ
FYRIR ÞÁ GERT. EINNIG BAÐ ARNDÍS FUNDARMENN UM
AÐ KOMA MEÐ ÓSKIR UM BREYTINGAR Á TOLLALÖGGJÖF
EÐA AÐ TOLLALÖGGJÖF VERÐI FRAMFYLGT, ÞAR SEM
HÚN VÆRI AÐ FARA Á FUND FJÁRMÁLARÁÐHERRA.
FUNDI LAUK 8[30] ÁÐUR EFTIRFARANDI SAMÞYKKT.

[illegible]

Fundur í félagi gjafa- og listmunaverzlana þann 23.9.81 ályktar eftirfarandi, varðandi reglugerð um afgreiðslutíma verzlana í Reykjavík.

Vandséð er hvaða gildi reglugerðin hefur, meðan sú spilling viðgengst, að hópur kaupmanna kemst upp með það, vegna aðgerðaleysis æðstu ráðamanna KÍ., að brjóta hana nær alla daga ársins, á sama tíma og annar minni hópur er hundeltur fyrir smábrot á sömu relgugerð.
Í öðru lagi er það komið í ljós að sveitastjórnir á Reykjavíkursvæðinu ætla sér ekki að samræma gildandi reglur og nánast leika það að etja saman kaupmönnum á þessu svæði.
Í þriðja lagi teljum við að í stað reglugerða eigi að koma löggjöf um afgreiðslutíma verzlana.
Það er tillaga okkar, að KÍ. fái nú þegar hæfa menn til að vinna að því máli af fullum krafti.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

AÐALFUNDUR HALDINN AÐ MARARGÖTU 2  15.3.1982

FORMAÐUR ÁRNI JÓNSSON SETTI FUND.
ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR KOSIN FUNDARSTJÓRI OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR LESIN OG SAMÞYKKT.
GENGIÐ VAR TIL DAGSKRÁR, SKÝRSLA FORMANNS.
BAUÐ HANN Í UPPHAFI VELKOMNAR HALLDÓRU ÞÓRHALLSD. OG KRISTÍNU FRIÐRIKSD. EIGENDUR VERZL. JURTARINNAR, ER HAFA ÁKVEÐIÐ AÐ GANGA Í FÉLAGIÐ. VERSLUNIN MARELLA ER ÞEGAR GENGIN Í FÉLAGIÐ.
FORMAÐUR GAT UM KOSNINGU ARNDÍSAR Í FRAMKVÆMDASTJÓRN K.Í. RÆDDI UM REGLUGERÐ OG LÖGGJÖF UM OPNUNARTÍMA VERZLANA, UM KÖNNUN Á VILJA KAUPMANNA Á OPNUNARTÍMANUM SEM K.Í FRAMKVÆMDI, EN ÚRSLIT ÞEIRRA VIRTUST TVÍD, EN UPP TÓKST ~~[illegible]~~ AÐ GRAFA AÐ MIKILL MEIRIHLUTI KAUPMANNA VILDI REGLUR, EN EKKI ALLT FRJÁLST Í ÞEIM EFNUM.
HVATTI FORM. TIL ÞESS AÐ FYLGJAST VEL MEÐ NÝJU LAGAFRUMVARPI VILMUNDAR GYLFASONAR ÞAR SEM KVEÐIÐ ER Á UM AÐ OPNUNARTÍMINN SÉ FRJÁLS.
ÞVÍ NÆST GAT FORM. UM VEL HEPPNAÐAN FUND MEÐ LAUGARVEGSKAUPMÖNNUM, ÞAR SEM MÓTMÆLT VAR ÁKVÖRÐUN BORGARRÁÐS UM SÉR AKREIN FYRIR STRÆTISVAGNA NIÐUR LAUGAVEG, TALDI FORM. AÐ ÞAÐ MIKIÐ VÆRI UNNIÐ.
ÁRNI KVAÐ NAUÐSYN Á AÐ FÁ NÝJAN MANN Í FORYSTU FÉLAGSINS, OG GAF ÞESS VEGNA EKKI KOST Á SÉR AFTUR.

BENEDIKT BACHMANN HVATTI ÁRNA JÓNSSON TIL AÐ HALDA ÁFRAM SEM FORMAÐUR. SEM SKÚLI G. JÓHANNESSON TÓK STERKT UNDIR, VORU FUNDARMENN SAMMÁLA UM FRÁBÆR STÖRF ÁRNA. ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR SKORAÐI Á ÁRNA AÐ HALDA ÁFRAM, ÞAR SEM ÖNNUR FÉLÖG BÆRU VIRÐUBLANDINN ÓTTA FYRIR RÖGGSEMI HANS.
ÁRNI BAÐST UNDAN ENDURKOSNINGU.
GENGIÐ VAR TIL KOSNINGA FORMAÐUR KOSINN SKÚLI G. JÓHANNSSON
MEÐSTJÓRNENDUR BENEDIKT BACHMANN OG BJÖRN ÁGÚSTSSON
VARASTJÓRN ÁRNI JÓNSSON OG HJÖRNÝ FRIÐRIKSDÓTTIR
NÝKJÖRINN FORMAÐUR SKÚLI G. JÓHANNSSON ÞAKKAÐI FRÁFARANDI FORM. FYRIR GÓÐ STÖRF, OG VÆNTI GÓÐS SAMSTARFS.
KOSNIR VORU ENDURSKOÐENDUR GUÐRÚN STEINGRÍMSDÓTTIR OG INGUNN STEFÁNSDÓTTIR. FULLTRÚI Í FULLTRÚARÁÐ ÁRNI JÓNSSON, VARAMAÐUR BENEDIKT BACHMANN ~~[illegible]~~. AÐALFUNDARFULLTRÚAR STJÓRN VARASTJÓRN ÁSAMT GUÐRÚNU STEINGRÍMSD. OG MARGRÉT KJARTANSDÓTTIR. Á FUND VORU MÆTTIR NÍU.

FUNDI SLITIÐ

[signature]

28.4.1982

FUNDUR HALDINN AÐ MARARGÖTU 2 KL. 18.00

FORMAÐUR SKÚLI G. JÓHANNSSON SETTI FUND OG BAUÐ VELKOMIN ÞAU HILMAR FRIÐSTEINSSON FULLTRÚA VERZL. YRSU, MAGNEU BERGMANN FULLTRÚA VERZL. ANTIKMUNIR OG KARL GARÐARSSON GEST FUNDARINS SEM KOM SÉRSTAKLEGA TIL AÐ FRÆÐA FUNDARMENN UM TOLLSTJÓRAEMBÆTTIÐ OG ÞAÐ STARF SEM UNNIÐ ER ÞAR, SKÝRSLUGERÐ OG ÚTSKÝRINGAR Á GJÖLDUM HVAÐA NAFNI SEM ÞAU NEFNAST ER FARA Í GEGNUM ÞEIRRA HENDUR ER ÞAR VINNA. KOMU FRAM MARGAR SPURNINGAR FRÁ FUNDARMÖNNUM OG SKÝRÐI KARL VEL OG SKILMERKILEGA FRÁ, VAR RÉTT AÐ VERÐA VOLGUR ER LEIÐ Á TÍUNDATÍMANN, FUNDURINN TÓKST MJÖG VEL, FORMAÐUR BAUÐ UPP Á KAFFI OG SNITTUR, ANDRÚMSLOFTIÐ LÉTT OG ÞÆGILEGT. FUNDI SLITIÐ.



AÐALFUNDUR HALDINN Í VETT.H. TORFUNNI 21. 2. 1983

FORMAÐUR SKÚLI JÓHANNESSON SETTI FUND, OG MINNTIST JÓN I. BJARNASONAR STARFSMANN KAUPMANNASAMTAKANA ER LÉST NÝLEGA. SKIPAÐI SÍÐAN ÁRNA JÓNSSON FUNDARSTJÓRA. DAGSKRÁ FUNDARINS VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF, SAMKVÆMT ÞVÍ BAUÐ FUNDARSTJÓRI FORMANNI AÐ FLYTJA SKÝRSLU SÍNA.

KOM FORMAÐUR INN Á STARFIÐ SÍÐASTLIÐIÐ ÁR VÍTT OG BREITT, M.A. KÖNNUN HJÁ FÉLAGSMÖNNUM UM AÐ HAFA LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM SÍÐAST LIÐIÐ SUMAR, VILDU ÞAÐ ALLIR, UTAN EINN, MINNTIST Á VELHEPPNAÐAN FUND MEÐ KARLI GARÐARSSYNI DEILDARSTJÓRA HJÁ TOLLSTJÓRA. EINNIG GAT HANN ÞESS AÐ FORM. K.Í. GÆFI EKKI KOST Á SÉR AFTUR, EN HONUM HAFÐI FÉLAGIÐ SENT ÚTSKORINN ASK Í FIMMTUGSAFMÆLISGJÖF ER VAR Í SUMAR.

AÐ ÖÐRU LEYTI HAFI STARFIÐ GENGIÐ SNURÐULAUST. GAT FORMAÐUR ÞESS AÐ K.Í HAFI SELT HÚSIÐ Á MARARGÖTUNNI OG FENGIÐ GOTT VERÐ FYRIR ÞAÐ.

ÞVÍ NÆST VAR GENGIÐ TIL STJÓRNARKOSNINGA.

FORMAÐUR VAR KOSINN ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR. MEÐSTJÓRNENDUR BENEDIKT BACHMANN OG SKÚLI G. JÓHANNESSON.

VARAMENN BJÖRN ÁGÚSTSSON OG INGUNN STEFÁNSDÓTTIR. FULLTRÚI Í FULLTRÚARÁÐIÐ ÁRNI JÓNSSON. VARAMAÐUR SKÚLI G. JÓHANNESSON. ENDURSKOÐENDUR GUÐRÚN STEINGRÍMSD. OG INGUNN STEFÁNSDÓTTIR. AÐALFUNDARFULLTRÚAR, STJÓRN ÁSAMT ÁRNA, BIRNI OG INGUNNI.

FUNDURINN KOM INNÁ ÝMIS ÖNNUR MÁL M.A. NÝJAR SÖLUSKATTSREGLUR, LÖGGJÖF UM OPNUNARTÍMA, OG TILLÖGU UM NÝJAN FORMANN K.Í, MJÖG FJÖRUGAR UMRÆÐUR. FUNDI SLITIÐ

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ÁLYKTUN samþykkt á fundi lo. okt. 1983.

Félagar í félagi gjafa og listmunaverslana
munu ekki breyta afgreiðslutíma, þrátt fyrir
breytingu á reglugerð um opnunartíma verslana,
meðan aðrar þjónustugreinar lengja ekki afgreiðslutíma sinn.

Arndís Björnsdóttir
Ingunn Stefánsdóttir
Sigurveig Lúðvíksdóttir
Ásgeir Ásgeirsson
Björn Ágústsson
Árni Jónsson
Skúli G. Jóhannesson



10.10.1983

FUNDUR Í FÉLAGI GJAFA OG LISTMUNAVERSLANA.
ARNDÍS BJÖRNSDÓTTIR FORMAÐUR FÉLAGSINS SETTI FUND
UM KL $18^{30}$. FUNDAREFNI "LOKUNARTÍMI VERSLANA."
KOM M.A. FRAM Í MÁLI ÁSGEIRS UM ÞAU MÁL AÐ
BORGARSTJÓRI HYGGIST GEFA OPNUNARTÍMA FRJÁLSAN VEGNA
MIKILS ÓRÓLEIKA Í ÞEIM EFNUM, NEMA ÞÓ AÐ KAUPMANNASAMT.
~~OG~~ VERSLUNARMENN OG KAUPMENN ALMENNT KOMI SÉR
SAMAN UM RÝMRI REGLUR. SPUNNUST UM ÞESSI MÁL
UMRÆÐUR, OG KOM FRAM AÐ FÉLAGAR VORU SAMMÁLA
UM ÓBREYTTAN OPNUNARTÍMA, OG MYNDU EKKI BREYTA
HONUM ÞRÁTT FYRIR FRJÁLSAN OPNUNARTÍMA, VAR SAMÞYKKT
ÁLYKTUN SAMHLJÓÐANDI ER VERÐI LÖGÐ FYRIR
FORMANNAFUND K.Í Í BORGARNESI Í ÞESSUM MÁNUÐI.
ÞÁ BENTI ÁRNI Á AÐ BÆTA MÆTTI VIÐ ÁLYKTUNINA
SVO HLJÓÐANDI "Á MEÐAN AÐRAR ÞJÓNUSTUGREINAR
~~RÝMKI~~ LENGI EKKI OPNUNARTÍMA SINN."
EINNIG KOM FRAM HUGMYND UM AÐ HAFA OPIÐ Á
FIMMTUDÖGUM Í DESEMBER, LEIST FÉLÖGUM VEL
Á ÞÁ HUGMYND, ÞAR SEM Í DESEMBER VÆRI
MIKIL VERZLUN OG AÐEINS ÞÁ ÞYRFTI AÐ AUKA
OPNUNARTÍMANN.
ÞÁ LAGÐI SKÚLI FRAM TILBOÐ FRÁ BRUNABÓT
YFIR BRUNA, VATNSTJÓNS OG INNBROTSTRYGGINGU
ÞAR SEM IÐGJALD LÆKKAÐI UM CA 27% FRÁ
NÚVERANDI. FUNDI SLITIÐ UM $19^{30}$ Á FUNDINN
VORU MÆTTIR 7. FÉLAGAR.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur 14. feb. 1984

Arndís Björnsdóttir setti fund. og minntist Árna Jónssonar sem lést í desemb. sl. og vonaði að starf félagsins mætti vera áfram öflugt eins og í tíð Árna.
Arndís ræddi um Kreditkorta afstöðuna sem hún taldi af hinu verra, en fremur að sérstakur skattur af versl. og skrifstofuhúsnæði yrði ~~[illegible]~~ felldur niður.
Gengið var til kosninga:
formaður var kosin Arndís Björnsdóttir
meðstjórnendur: Skúli G. Jóhannesson og Björn Ágústsson, varamenn: Ingunn Stefánsdóttir og Sigurlaug Önsdóttir
Fulltrúi í fulltrúaráð: Björn Ágústsson og varamaður Skúli G. Jóhannesson
Aðalfundafulltrúar eru: stjórnin ásamt Benedikt Bachmann, Ingunni Stefánsd. og Guðrún Steingrímsd. sem er um leið endurskoðandi.
Almennar umræður: Skúli ræddi um Laugavegsmál, hita í gangstétt - WC - ~~síma~~ nýja ljósastaura, blóm og fl. — Kreditkortamál
Björn ræddi um tryggingamál og sagði að Brunabót væri að ath. tilboð til Kaupm.samt. Ísl.
– rætt var um opnunartíma og ekki talin ástæða til að auka opnunartíma og viðhaft í samþ. sem gerð var 10.10.'83

Fundi slitið.

Skúli G. Jóhannesson



Aðalfundur í mars '85.

Formaður Arndís Björnsdóttir setti fundinn.

Umræðuefni fundarins var undirbúningur aðalfundar og eins var talað um opnunartíma, það sígilda málefni. Engar ákvarðanir voru teknar í því máli þá, en allir voru ánægðir með lokun yfir sumarmánuðina.

Kosning fór fram og gaf Arndís kost á sér sem formaður.
Meðstjórnarmeðlimir voru kosnir
Skúli Jóhannesson, Tékk-Kristall,
Sigurveig Lúðvíksdóttir, Kúnígúnd.
Varamenn:
Ingunn Stefánsdóttir, Handraðinn

Fulltrúi í fulltrúaráði K.Í.
Helga M. Björnsdóttir, Tína Mína.

Varamaður í fulltrúaráði K.Í.
Sigurveig Lúðvíksdóttir, Kúnígúnd.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í félagi gjafa- og listmunaverzlana, haldinn í Húsi verzlunarinnar 25. marz 1986 kl. $10^{30}$.

Formaður Arndís Björnsdóttir boðaði forföll og hafði beðið Sigurveigu Lúthersdóttur að stýra fundi.

Á fundinum var rætt um væntanlegan aðalfund og dagsetning ákveðin 15. apríl 1986 kl. $14^{00}$.

Sömuleiðis voru ræddar væntanlegar lagabreytingar og fundarmenn lásu yfir stofnlög frá í haust til samanburðar núverandi lögum félagsins.

Eins var örlítið drepið á hugsanlegum samruna gjafa- og listmuna kaupmanna við önnur félög.

Hreinn erindreki K.Í. skýrði frá starfi útbreiðslunefnda hinna ýmsu félaga sem myndu vinna í samráði við hann.

Fundinn sátu: Sigurveig Lúthersdóttir, Kunigund, Helga Massína Björnsdóttir, Tani [illegible] og Hreinn Sumarliðason K.Í.
Fundi slitið kl. $12^{00}$.

Helga Massína Björnsdóttir



Aðalfundur í félagi gjafa og listmunaverzlana haldinn í Húsi verzlunarinnar 15. apríl 1986 kl. $14^{00}$

Sigurveig Lúthersdóttir setti fundinn og bað Hrein Sumarliðason að stýra fundinum.

Dagskrá lá fyrir:

1. Þessi liður féll um sjálfan sig þar sem engir nýjir félagar voru mættir.

2. Sigurveig Lúthersdóttir las skýrslu stjórnar sem var fljótlesin þar sem enginn fundur hafði verið haldinn að undanskyldum undirbúningsfundi fyrir aðalfund.

3. Lagabreytingar:
Til umræðu samræmd lög fyrir öll félög K.Í.

Hér ræddu félagsmenn ýmiss mál svo sem sameiningarmál félaga innan K.Í., opnunartíma verzlana, tollmál og þá samvinnu verzlunareigenda og K.Í. í því sambandi eins mikilvægi góðra samskipta K.Í.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og opinberra aðila t.d. borgarstjórnar
Hreinn skýrði frá og las upp tilgang
og störf K.Í. fyrir fundarmenn.

Þá snéru menn sér að lagabreytingum
Forsenda breytinga rædd og stofnlög
lög lesin upp.
Breyting á lögunum og ný lög samþykkt
samhljóða.

4. Stjórnarkjör samkvæmt 14. grein.

Uppástunga um formann:
Sigurveig Lúðvíksdóttir og Dónald
Jóhannesson.
Sigurveig Lúðvíksdóttir baðst undan
kjöri vegna anna á öðrum vettvangi.
Formaður til eins árs kjörinn
Dónald Jóhannesson.

2 meðstjórnendur til 2ja ára kosin
þau Sigurveig Lúðvíksdóttir og
Þór Matthíasson.

2 varamenn til 1 árs kosnir þeir
Skúli Jóhannesson og Ottó Schopka.

5. Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í.
kosin Helga Messína Björnsdóttir.
Varafulltrúi: Ásgeir Ásgeirsson.

Ekki var kosin nein sérstök út-
breiðslunefnd heldur verður vísað á nýja
stjórn til átaka á þeim vettvangi.

Dónald þakkaði það traust sem
honum var sýnt með kosningu
hans sem formanns og hét því
að gera eitthvað....
Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið kl. 15:30.

Helga Messína Björnsdóttir

Hreinn Sumarliðason

## Stjórnarfundur 7.02.'87

Mættir voru: Sigurveig Lúðvíksdóttir
Ásgeir Ásgeirsso
Ottó Schopka
Donald Jóhannesson
Helga Björnsdóttir

Formaður skýrði frá tveim fundum sem K.Í. hélt á árinu. Ákveðið var að stefna að móttöku hjá félaginu 21. mars hjá K.Í. Ákveðið er að stefna að aðalfundi 16.02.87 og mæla með endurkjöri formanns.
Ýmis önnur mál rædd.

Fleira gerðist ekki
D.J.

## Aðalfundur 16.02.1987

Formaður Dónald Jóhannesson setti fundinn og bað Helgu Massínu að lesa upp síðustu fundargerð sem var samþykkt.
Skýrsla stjórnar: Hún var stutt en formaður sagði frá þeim fundum sem hann og Helga Massína sóttu hjá fulltrúaráði.
Einn stjórnarfundur var haldinn á árinu að Tryggvagötu 14.
Þar var ákveðið að félagið hefði móttöku fyrir eigendur gjafavöruverzlana með það að markmiði að fjölga í félaginu.
Móttakan verður 21.03.'87 kl. 17.00.
Kosningar:
1) Formaður, Dónald Jóhannesson
2) Meðstjórnendur
Sigurveig Lúðvíksd., Þór Matthíasson
Varamenn,
Ottó Schopka, Hilmir Jóhannesson
3) Fulltrúi í fulltrúaráði,
Helga M. Björnsdóttir
Varamaður, Ásgeir Ásgeirsson
Ásgeir Ásgeirsson var kjörinn fulltrúi á aðalfund K.Í. 7. og 8.03.87

Fundi slitið kl. 15.00

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# AÐALFUNDUR

félags gjafa- og listmunaverslana
var haldinn 17. janúar 1988 kl. $14^{20}$
í húsnæði KÍ.

Formaður félagsins Donald Jóhannesson
setti fundinn og stjórnaði honum.
Hreinn Sumarliðason skrifar fundargerð.

1. Formaður gerði grein fyrir störfum sínum
og stjórnar félagsins, gat um allmarga
fundi, hjá fulltrúaráði og ýmsum stofn-
unum Samtakanna á liðnu starfsári.
Hann lýsti viðhorfi sínu til félagsins
og þeirra erfiðleika sem felast í að
félagið er fámennt. Heilmikið var spjallað
vítt og breitt, um málefni félagsmanna.

2. Stjórnarkosning:
Formaður til eins árs var kosinn
Otto Schopka c/o Rosenthal.
Meðstjórnandi til 2ja ára var kosinn
Skúli Jóhannesson, en fyrir í aðalstjórn
frá síðasta aðalfundi er Sigurður Leifsson.

Varamenn í stjórn voru kosnir:
Helga Pálsdóttir og Ásgeir Ásgeirsson.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð var kosinn
Skúli Jóhannesson og til vara Ásgeir
Ásgeirsson.

3. Önnur mál. Donald ítrekaði áður



fram komnar hugmyndir um
sameiningu félaga og eða aukið
samstarf milli félaga. Fram kom
almenn ánægja með starf gamla miðbæjarins
t.d. til upplýsingar og stuðnings verslanasamtökum
Dæmi: jólaskreyting Laugavegarins.
Ábending frá Skúla um að forysta KÍ
athugi gaumgæfilega um opnara og
öflugra samstarf. Síðan urðu ánægjulegar
samræður um fjölmörg atriði sem snerta
verslun og viðskipti, umferð, skipulag-
félagsmál o.fl. o.fl.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið kl. $15^{40}$
Hreinn Sumarliðason, ritari.

Helga Pálsdóttir
Skúli G. Jóhannesson
Donald Jóhannesson
[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 3. janúar 1989 var boðaður stjórnarfundur í félagi gjafa og listmunaverslana.

Af óviðráðanlegum ástæðum gat ekki orðið af honum en þess í stað hélt meirihluti stjórnar símafund. Þátttakendur voru Otto Schopka, Sigurveig Lúðvíksdóttir og Skúli Jóhannesson.

Ákveðið var að biðja Hrein um að ganga frá aðalfundarboði eins og áður hafði verið um rætt. Þe. kl. 14°° hinn 10 jan n.k. í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands.

Þetta bókað að beiðni formanns.

Hreinn Sumarliðason ritar.



Þriðjudaginn 10. janúar 1989 var haldinn aðalfundur í félagi gjafa og listmunaverslana.

Varaformaður félagsins Sigurveig Lúðvíksdóttir setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið:

1. Rætt fram og aftur um stöðu félagsins og framtíð þess.

~~2. Kosningar.~~
~~Formaður: til eins árs var kosinn~~
~~meðstjórnandi til 2ja ára var kosinn~~
~~en fyrir í aðalstjórn.~~

Þegar hér var komið, kom fram tillaga um að fresta fundinum og kanna möguleikana á að sameinast öðru sérgreinafélagi innan Kí, en sé það ekki unnt þá komi til greina að leggja félagið niður.

Skrifstofu Samtakanna falið að vinna að málinu og að því loknu, boða til framhalds aðalfundar.

3. Önnur mál. Rætt fram um framtíðarmál og ýmis hagsmunamál verslunarinnar.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi frestað.
Hreinn Sumarliðason ritar.

Sigurveig Lúðvíksdóttir
Ásgeir S. Ásgeirsson
Skúli G. Jóhannesson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhaldsaðalfundur í félagi Gjafavöru og listmunaverzlana var haldinn þriðjudaginn 14.3.1989 kl. 14.00 í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands.

Varaformaður félagsins setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið.

1. Hugmyndir um sameiningu félaganna og nauðsyn þess að kosin verði stjórn í félaginu til þess að koma formlega fram fyrir félagsins hönd í áframhaldandi viðræðum um framtíð og skipulag K.Í.

2. Kosningar
Formaður var kosinn Sigurveig Lúðvíksson.
Meðstjórnandi til 2ja ára var kosinn Björn Ágústsson c/o MEBA en fyrir í stjórninni frá síðasta aðalfundi og til 1990 er Skúli Jóhannesson.

Varastjórnendur voru kosnar Guðrún Steingrímsdóttir c/o Costa Boda og Ragnheiður Sigurðardóttir c/o Cosas h/f.

Aðalfulltrúi í fulltrúaráð KÍ var kosinn Björn Ágústsson og til vara Skúli Jóhannesson.
Sérstakur aðalfundarfulltrúi til aðalfundar KÍ var kosinn Ásgeir Ásgeirsson c/o Kúnígúnd.

3. Önnur mál:
Áfram rætt um skipulagsmál, skattamál, tollamál, kortamál, o.fl. í þeim dúr.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.
[illegible], ritari.

Sigurveig Lúðvíksdóttir
[illegible signature]
Guðrún Steingrímsdóttir
Ragnh. Sigurðard.
Skúli G. Jóhannesson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Aðalfundur félags gjafavöruverslana og listmuna var haldinn 15. mars 1990. kl 14⁰⁰. í húsi K.Í.

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum

Fyrir var tekið

1. Skýrsla stjórnar. Allt hefir verið með kyrrum kjörum líkt og oft var áður. Rætt um hvernig ekkert hafi gerst í sameiningarmálum sérgreinafélaganna.
   Fram kom að eitthvað raunhæft verði nú gert í sameiningarmálum.

2. Stjórnarkosning
   Formaður [illegible] starfsár var endurkjörinn Sigurveig Lúðvíksdóttir og meðstjórnandi til 2ja ára Skúli Jóhannesson en með þeim í stjórn situr Björn Ágústsson kosinn í fyrra og á því eftir eitt ár af kjörtíma sínum.
   Í varastjórn voru kosnar Guðrún Steingrímsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir c/o Kúnst. Laugav.
   Aðalfulltrúi í fulltrúaráð K.Í var kosinn Björn Ágústsson og Skúli Jóhannesson til vara.

3. Önnur mál. Framhald umræðna á [illegible] og [illegible].
   Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
   Hreinn Sumarliðason ritari

Sigurveig Lúðvíksdóttir
Skúli G. Jóhannesson
Björn Ágústsson



Stjórnarfundur í fél. gjafa og listmunaverzl. haldinn fimmtudaginn 28. febr. kl. 14⁰⁰

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum

Fyrir var tekið

1. Tillaga K.Í varðandi sameiningu sérgreinafélaganna:
   Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Ákvörðun aðalfundar:
   Samþykkt að boða hann 7/3 kl. 13⁰⁰
3. Önnur mál:
   Rætt um að leita tilboða frá ferða-skrifstofum í ferðir kaupmanna.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason ritari
Sigurveig Lúðvíksdóttir
Björn Ágústsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**AÐALFUNDUR 1991** var boðaður í fél. gjafa og listmunaverzlana fimmtudaginn 7. marz kl 13.00 í húsnæði Kaupmannasamtaka Íslands.

Formaður félagsins Sigurveig Lúðvíksdóttir setti fundinn og stýrði honum. Hreinn Hermannsson skrifar fundargerð.

Fyrir var tekið.

1. **Skýrsla stjórnar:** sem formaður flutti. Umræður urðu engar.
2. **Tillaga KÍ varðandi sameiningu sér-greinafélaga.** Tillagan samþykkt með tilvísan í viðræður sem fram hafa farið milli félags vefnaðarvörukaupmanna, félags sportvöru- skó- og snyrtivöruverzlana að þessi félög sameinist í eitt félag.
3. **Stjórnarkosning:** Formaður: Sigurveig Lúðvíksson meðstjórnandi: Björn Ágústsson til 2ja ára. en ásamt þeim situr í aðalstjórn Skúli Jóhannesson kosinn 1990 til 2ja ára. Varastjórn: Guðrún Steingrímsdóttir Aðalfulltrúi: Björn Ágústsson og til vara Skúli Jóhannesson.
4. Önnur mál: engar umræður.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Hreinn Hermannsson



**TILLAGA.**

Aðalfundur Félags gjafa og listmunaverzlana
haldinn 7.3.'91 í húsi K.Í.
samþykkir að heimila stjórn félagsins að vinna að sameiningu þess við önnur sérgreinafélög innan K.Í.

Lög félagsins verði í samræmi við núgildandi lög.
Fyrirvari er um skipan fulltrúaráðsins.

Verði tillaga þessi samþykkt er fyrirhugað að þau félög, sem vilja, haldi sameiginlega stofnfund hins nýja félags hinn 17. apríl n.k. Þar verði kosin stjórn og samþykkt lög og jafnframt falli niður umboð þeirrar stjórnar sem kjörin verður hér í dag.

Samþ. Samþ.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stofnfundur félags Gjafa og listmunaverzlana telur sölu blómaverzlana á gjafavöru utan venjulegs afgreiðslutíma brot á reglugerð frá 26/7 1971 og felur stjórn félagsins að vinna gegn þessum lögbrotum.

# Gjafavöruverzlanir:

## Fundur 31.1.1980.

### Þátttakendur í fundinum:

| Nafn | Nafn fyrirtækis |
| --- | --- |
| + Benedikt Bachmann | CORUS, Hafnarstræti 17. |
| Sverrir Kristjánsson | "LOFTIÐ" Skólavörðust. 4. |
| [illegible] | Rammagerðin Hafnarstræti 19. |
| ✓ Arndís Björnsdóttir | Rosenthal-verzl. Laugaveg 85 |
| Erla Vilhjálmsdóttir | Tékk-Kristall Laugaveg 15 |
| ✓ Sæm. C. Jóhannesson | —"— —"— |
| [illegible] Friðriksdóttir | Kúnígúnd Hafnarstræti 11 |
| ✓ [illegible] Jónsson | Kúnst Laugavegi 40. |
| Anna Nielsen | Hjörtur Nielsen h.f. |
| + Brynhildur Olgeirsd. | Blóm & Myndir. Laugav. 53 |
| Miyako Þórðarson | Tokyo Hafnarstræti 21 |
| + Theodóra Bjarnadóttir | Verzl. Heimaey |
| Ingibjörg Þórðardóttir | -"- |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur